

Ed.

7. Frumvarp til laga

[7. mál]

um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

I. KAFLI

Vélstjórar á fiskiskipum.

1. gr.

Á fiskiskipum skal lágmarksfjöldi vélstjóra vera sem hér segir:

- a. Á fiskiskipi með allt að 250 hestafla vél einn vélstjóri, sbr. þó 1. mgr., 7. gr.
- b. Á fiskiskipi með 251—1000 hestafla vél tveir vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri og einn undirvélstjóri (2. vélstjóri), sbr. þó 2. mgr., 7. gr.
- c. Á fiskiskipi með 1001—2300 hestafla vél þrjú vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri og tveir undirvélstjórar (2. og 3. vélstjóri).
- d. Á fiskiskipi með yfir 2300 hestafla vél fjórir vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri og þrjú undirvélstjórar (2., 3. og 4. vélstjóri)

2. gr.

Rétt til að vera vélavörður á fiskiskipi með 50 hestafla vél eða minni hefur hver sá, sem sannar með vottorði tveggja vélstjóra, að hann sé fær um að gæta vélarinnar.

3. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 1. stigs, hefur rétt til að vera vélstjóri á fiskiskipi með 51—250 hestafla vél og undirvélstjóri á fiskiskipi með 251—500 hestafla vél.

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélstjóri á fiskiskipi með 150—250 hestafla vél eða undirvélstjóri á fiskiskipi með 251—500 hestafla vél, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 251—500 hestafla vél.

4. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs, hefur rétt til að vera vélstjóri á fiskiskipi með 51—250 hestafla vél og undirvélstjóri á fiskiskipi með 251—1000 hestafla vél.

Að loknum 6 mánaða starfstíma sem vélstjóri á fiskiskipi með 150—250 hestafla vél eða undirvélstjóri á skipi með 251—1000 hestafla vél öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 251—500 hestafla vél.

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með 501—1000 hestafla vél, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 501—1000 hestafla vél.

5. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 3. stigs, hefur rétt til að vera vélstjóri á fiskiskipi með 51—250 hestafla vél og undirvélstjóri á fiskiskipi með 251—1800 hestafla vél.

Að loknum 6 mánaða starfstíma sem vélstjóri á fiskiskipi með 150—250 hestafla vél eða undirvélstjóri á skipi með 251—1800 hestafla vél, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 251—500 hestafla vél.

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með 501—1800 hestafla vél öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 501—1000 hestafla vél.

Að loknum 18 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með 1001—1800 hestafla vél, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 1001—1800 hestafla vél. Jafnframt hlýtur hann rétt til undirvélstjórastarfa sem 3. eða 4. vélstjóri á fiskiskipi með stærri vél en 1800 hestafla.

6. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 4. stigs, og einnig lokið sveinsprófi í vélvirkjun, hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 251—500 hestafla vél og undirvélstjóri á fiskiskipi með ótakmarkaða vélarstærð, sbr. þó 3. mgr.

Að loknum 6 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með stærri vél en 500 hestafla öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 501—1000 hestafla vél.

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með stærri vél en 1000 hestafla öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 1001—1800 hestafla vél. Jafnframt öðlast hann rétt til að vera 2. vélstjóri á fiskiskipi með stærri vél en 1800 hestafla.

Að loknum 24 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með stærri vél en 1800 hestafla, þar af a. m. k. sex mánaða tíma sem 2. vélstjóri, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með stærri vél en 1800 hestafla.

7. gr.

Á fiskiskipum með 100—250 hestafla vél skal auk vélstjórans vera vélavörður, sem fær sé um að gæta vélarinnar, sbr. 2. gr. Hann má þó jafnframt gegna öðrum starfa á skipinu. Sigli fiskiskip með 250 hestafla vél eða minni milli landa, skulu ávallt tveir menn gegna vélstjórastörfum um borð, er hafi lokið 1. stigi vélstjóranáms.

Á fiskiskipum með 251—500 hestafla vél, er koma daglega að landi með afla sinn, er eigi skylt að hafa undirvélstjóra, ef skipstjóri, stýrimaður eða einhver hásetanna hefur lokið vélstjóranámi 1. stigs.

II. KAFLI

Vélstjórar á flutningaskipum.

8. gr.

Á flutningaskipum skal lágmarksfjöldi vélstjóra vera sem hér segir:

- a. Á flutningaskipi með allt að 600 hestafla vél tveir vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri og einn undirvélstjóri (2. vélstjóri).
- b. Á flutningaskipi með 601—1500 hestafla vél þrír vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri og tveir undirvélstjórar (2. og 3. vélstjóri).
- c. Á flutningaskipi með 1501—3000 hestafla vél fjórir vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri og þrír undirvélstjórar (2., 3. og 4. vélstjóri).
- d. Á flutningaskipi með 3001—4000 hestafla vél fimm vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri, þrír undirvélstjórar (2., 3. og 4. vélstjóri) og einn aðstoðarvélstjóri.
- e. Á flutningaskipi með stærri vél en 4000 hestafla sex vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri, þrír undirvélstjórar (2., 3. og 4. vélstjóri) og tveir aðstoðarvélstjórar.

9. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs, hefur rétt til að vera undirvélstjóri á flutningaskipi með allt að 800 hestafla vél og aðstoðarvélstjóri á flutningaskipi, sbr. d. og e. lið 8. gr.

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með 501—1000 hestafla vél, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á flutningaskipi með allt að 800 hestafla vél.

10. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 3. stigs, hefur rétt til að vera undirvélstjóri á flutningaskipi með allt að 1500 hestafla vél.

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með 501—1800 hestafla vél, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á flutningaskipi með allt að 800 hestafla vél.

Að loknum 18 mánaða starfstíma sem yfirvélstjóri á fiskiskipi með 801—1000 hestafla vél eða undirvélstjóri á skipi með 801—1800 hestafla vél, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á flutningaskipi með 801—1500 hestafla vél. Jafnframt öðlast hann rétt til að gegna undirvélstjórastarfi sem 3. eða 4. vélstjóri á flutningaskipi með stærri vél en 1500 hestafla.

11. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 4. stigs og jafnframt lokið sveinsprófi í vélvirkjun, hefur rétt til að vera undirvélstjóri á flutningaskipi með ótakmarkaða vélarstærð, sbr. þó 3. mgr.

Að loknum 6 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með stærri vél en 500 hestafla á hann rétt á að vera yfirvélstjóri á flutningaskipi með allt að 800 hestafla vél.

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem yfirvélstjóri á fiskiskipi með 801—1000 hestafla vél, eða undirvélstjóri á skipi með stærri vél en 800 hestafla, á hann rétt á að vera yfirvélstjóri á flutningaskipi með 801—1500 hestafla vél. Jafnframt öðlast hann rétt til undirvélstjórastarfa sem 2. vélstjóri á flutningaskipi með stærri vél en 1500 hestafla.

Að loknum 24 mánaða starfstíma sem yfirvélstjóri á fiskiskipi með 1500—1800 hestafla vél eða undirvélstjóri á skipi með stærri vél en 1500 hestafla, þar af a. m. k. sex mánaða tíma sem 2. vélstjóri, á hann rétt á að vera yfirvélstjóri á flutningaskipi með stærri vél en 1500 hestafla.

III. KAFLI

Vélstjórar á farþegaskipum.

12. gr.

Á farþegaskipum skal lágmarksfjöldi vélstjóra vera sem hér segir:

- a. Á farþegaskipi með allt að 600 hestafla vél tveir vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri og einn undirvélstjóri (2. vélstjóri).
- b. Á farþegaskipum með 601—1200 hestafla vél þrír vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri og tveir undirvélstjórar (2. og 3. vélstjóri).
- c. Á farþegaskipum með 1201—2000 hestafla vél fjórir vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri og þrír undirvélstjórar (2., 3. og 4. vélstjóri).
- d. Á farþegaskipi með 2001—3000 hestafla vél fimm vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri, þrír undirvélstjórar (2., 3. og 4. vélstjóri) og einn aðstoðarvélstjóri.
- e. Á farþegaskipi með 3001—4000 hestafla vél sex vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri, þrír undirvélstjórar (2., 3. og 4. vélstjóri) og tveir aðstoðarvélstjórar.
- f. Á farþegaskipi með yfir 4000 hestafla vél sjö vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri, þrír undirvélstjórar (2., 3. og 4. vélstjóri) og þrír aðstoðarvélstjórar.

13. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs, hefur rétt til að vera undirvélstjóri á farþegaskipi með allt að 600 hestafla vél og aðstoðarvélstjóri á farþegaskipi, sbr. d., e. og f. liði 12. gr.

Að loknum 18 mánaða starfstíma sem yfirvélstjóri á fiskiskipi eða undirvélstjóri á skipi með 400—1000 hestafla vél eða yfirvélstjóri á flutningaskipi með 400—800 hestafla vél, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á farþegaskipi í innanlandssiglingum með allt að 600 hestafla vél.

14. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 3. stigs, hefur rétt til að vera undirvélstjóri á farþegaskipi með allt að 1200 hestafla vél.

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem yfirvélstjóri á fiskiskipi með 400—1000 hestafla vél eða undirvélstjóri á skipi með 400—1800 hestafla vél, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á farþegaskipi með allt að 600 hestafla vél.

Að loknum 24 mánaða starfstíma sem yfirvélstjóri á fiskiskipi með 801—1800 hestafla vél eða yfirvélstjóri á flutningaskipi með 801—1500 hestafla vél eða undirvélstjóri á skipi með stærri vél en 800 hestafla, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á farþegaskipi með 601—1200 hestafla vél. Jafnframt hlýtur hann rétt til undirvélstjórastarfa sem 3. eða 4. vélstjóri á farþegaskipi með 1201—3000 hestafla vél.

15. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 4. stigs, og jafnframt lokið sveinsprófi í vélvirkjun, hefur rétt til að starfa sem undirvélstjóri á farþegaskipi með ótakmarkaða vélarstærð, sbr. þó 3. mgr.

Að loknum 6 mánaða starfstíma sem yfirvélstjóri á fiskiskipi með 400—500 hestafla vél eða undirvélstjóri á skipi með stærri vél en 400 hestafla, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á farþegaskipi með allt að 600 hestafla vél.

Að loknum 18 mánaða starfstíma sem yfirvélstjóri á fiskiskipi með 801—1800 hestafla vél, eða yfirvélstjóri á flutningaskipi með 801—1500 hestafla vél, eða undirvélstjóri á skipi með stærri vél en 800 hestafla, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á farþegaskipi með 601—1200 hestafla vél. Jafnframt hlýtur hann rétt til að gegna undirvélstjórastarfi sem 2. vélstjóri á farþegaskipi með stærri vél en 1200 hestafla.

Að loknum 36 mánaða starfstíma sem yfirvélstjóri á fiskiskipi eða flutningaskipi með stærri vél en 1500 hestafla eða undirvélstjóri á skipi með stærri vél en 1500 hestafla, þar af a. m. k. eitt ár sem 2. vélstjóri, á hann rétt á að vera yfirvélstjóri á farþegaskipi með stærri vél en 1200 hestafla.

IV. KAFLI

Um eldri vélstjóraréttindi.

16. gr.

Við gildistöku laga þessara skal svo fara sem hér segir um atvinnuréttindi þeirra vélstjóra, er hlotið hafa réttindi eftir eldri lögum:

- a. Þeir, sem lokið hafa hinu minna námskeiðsprófi Fiskifélags Íslands, skulu njóta sama réttar og þeir, sem lokið hafa vélfræðinámi 1. stigs, enda fullnægi þeir sömu skyldum um starfstíma.
- b. Þeir, sem lokið hafa hinu meira námskeiðsprófi Fiskifélags Íslands, skulu njóta sama réttar og þeir, sem lokið hafa vélfræðinámi 2. stigs, enda fullnægi þeir sömu skyldum um starfstíma.

- c. Þeir, sem tekið hafa próf frá Vélskólanum í Reykjavík, skv. lögum nr. 71 frá 1936, en eigi tekið próf í rafmagnsfræði, skulu njóta sama réttar og þeir, sem lokið hafa vélfræðinámi 3. stigs, enda fullnægi þeir sömu skyldum um starfstíma.
- d. Þeir, sem tekið hafa lokapróf frá Vélskólanum í Reykjavík, skv. lögum nr. 71 frá 1936 eða eldri lögum, skulu njóta sama réttar og þeir, sem hafa lokið vélfræðinámi 4. stigs ásamt sveinsprófi í vélvirkjun, enda fullnægi þeir sömu skyldum um starfstíma.

Þeir vélstjórar, sem fyrir gildistöku laga þessara nutu eða áttu kost á að njóta meiri réttinda en lög þessi veita þeim, skulu halda þeim rétti óskertum.

V. KAFLI

Undanþágur frá lögnum.

17. gr.

Ef skortur er á mönnum með nægjanleg vélstjóraréttindi, getur siglingamálaráðuneytið, eftir ósk útgerðarmanns eða skipstjóra, veitt manni, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, með undanþágu rétt til vélstjórnar á tilteknu skipi um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en sex mánuði í senn. Áður en undanþága er veitt, skal ávallt leitað umsagnar viðkomandi stéttarfélags vélstjóra.

18. gr.

Verði teknar í notkun á islenzkum skipum vélar með sjálfvirkum vélstjórnar-búnaði, getur siglingamálaráðuneytið leyft fækkun undirvélstjóra og aðstoðarvélstjóra á slíkum skipum, að fengnum tillögum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

VI. KAFLI

Skirteini og læknisvottorð.

19. gr.

Hver sá, er fullnægir skilyrðum laga þessara um atvinnuréttindi, á rétt á að fá gefið út skirteini, er greini frá þeim tilteknu atvinnuréttindum, sem hann hefur öðlazzt. Skirteinin skulu gefin út af lögreglustjóra og rituð á þar til gerð eyðublöð, eftir fyrirmynd, sem siglingamálaráðuneytið semur. Skirteinið gildir um óákvæðinn tíma frá dagsetningu þess, nema skirteinishafi fyrirgeri því.

Á tímabilinu frá 1. jan. 1966 til ársloka 1967, skulu öll eldri atvinnuréttinda-skirteini vélstjóra innkölluð og gefin út á ný í samræmi við ákvæði þessara laga, sbr. 16. gr. Endurútgáfa skirteinis af þessum sökum skal vera gjaldfrjáls.

Í hinum endurnýjuðu skirteinum skal geta sérstaklega um það, þegar meiri réttindi en lög þessi veita haldast óskert, sbr. 2. mgr. 16. gr.

20. gr.

Það er skilyrði fyrir því, að vélstjóri hljóti atvinnuréttindi samkvæmt lögum þessum, að hann sanni með læknisvottorði, að hann sé fær um að gegna stöðunni af heilsufarsástæðum.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði.

21. gr.

Um atvinnuréttindi vélstjóra á varðskipum og björgunarskipum gilda sömu reglur og um farþegaskip.

22. gr.

Ákvæði I.—III. kafla laga þessara um atvinnuréttindi vélstjóra á fiskiskipum, flutningaskipum og farþegaskipum, gilda hvort sem skipin eru með eimvél eða mótörvél. Þó getur enginn hlotið réttindi til yfirvélstjórnar á eimskipi eða undirvélstjórnar skv. 3. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 15. gr., nema hafa unnið a. m. k. helming tilskilins starfstíma sem vélstjóri á eimskipi. Samsvarandi regla gildir um yfirvélstjórn á mótorskipi. Á sama hátt er það skilyrði fyrir réttindum til yfirvélstjórnar á mótorskipi með stórum eimkatli, að vélstjórinn hafi unnið a. m. k. $\frac{1}{3}$ hluta tilskilins starfstíma á slíku skipi.

23. gr.

Að því er atvinnuréttindi varðar, skulu hverjir þrjú mánuðir, sem vélstjóri gegnir starfi aðstoðarvélstjóra á flutninga- eða farþegaskipum, sbr. d.- og e.-liði 8. gr. og d.-, e.- og f.-liði 12. gr., jafngilda tveggja mánaða starfstíma sem undirvélstjóri við hæstu hestaflatölu á fiskiskipi, flutningaskipi eða farþegaskipi, er vélstjórinn hefur rétt til án undangengins starfstíma.

24. gr.

Við útreikning hestafla á vélum í skipum skal farið eftir þeim reglum, er gilt hafa. Miða skal við sameiginlegan hestaflafjölda þeirra véla, sem knýja skipið áfram.

25. gr.

Starfstími vélstjóra telst sá tími, sem maðurinn er lögskráður á skip og vinnur við það, að meðtöldum lögskráningardegi og afskráningardegi.

26. gr.

Verði ágreiningur um atvinnuréttindi vélstjóra samkvæmt lögum þessum, sker siglingamálaráðuneytið úr. Þeim úrskurði má skjóta til dómstóla.

27. gr.

Ef verksmiðjuskip verða tekin í notkun í íslenska skipaflotanum, skal siglingamálaráðuneytið setja reglur um fjölda undirvélstjóra og aðstoðarvélstjóra á slíkum skipum, og má þá víkja frá ákvæðum laga þessara um lágmarksfjölda vélstjóra til hækkunar.

28. gr.

Siglingamálaráðuneytið skal setja reglur um fjölda vélstjóra á dráttarbátum, og hvaða menntunarkröfur skuli gera til þeirra.

29. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá kr. 1000.00 til kr. 20.000.00, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Sektir renna í ríkissjóð.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1966. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 47 frá 1958, 9.—21. gr. laga nr. 35 frá 1961, IV. og V. kafla laga nr. 66 frá 1946 ásamt i.- og k.-liðum 1. gr., 47. gr., 48. gr., 49. gr., 3. mgr. 53. gr., 54. gr., 55. gr., 57. gr. og 59. gr. þeirra laga, svo og öll önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 21. febrúar 1964 skipaði menntamálaráðherra fimm manna nefnd til athugunar á menntunarkröfum og atvinnuréttindum vélstjóra. Í nefndinni eiga sæti: Jón Þorsteinsson, alþm., formaður, Gunnar Bjarnason, skólastjóri, tilnefndur af Vélskólanum í Reykjavík, Guðmundur Pétursson, vélstjóri, tilnefndur af Vélstjóra-

félagi Íslands, Jón S. Pétursson, vélstjóri, tilnefndur af Mótórvélstjórafélagi Íslands og Magnús J. Magnússon, forstöðumaður mótornámskeiðanna, tilnefndur af Fiskifélagi Íslands. Skömmu eftir að nefndin hóf starf sitt, tók varamaður Jóns S. Péturssonar, Halldór Guðbjartsson, vélstjóri, sæti í nefndinni, og hefur starfað með henni síðan. Enn fremur hefur Örn Steinsson, vélstjóri, starfað tvívegis með nefndinni um nokkurra vikna skeið í senn, meðan Guðmundur Pétursson hefur dvalið erlendis. Eftir nokkurra mánaða undirbúningsstarf samdi nefndin frumvarp til laga um vélstjóranám. Í kjölfar þess hlutu að koma fram nýjar reglur um atvinnuréttindi vélstjóra. Hefur nefndin því í samráði við siglingamálaráðuneytið samið frumvarp þetta um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum.

Í gildandi lögum um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum nr. 66. frá 1946 með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 47 frá 1958 og lögum nr. 35 frá 1961, er að finna þær reglur, sem nú gilda um atvinnuréttindi vélstjóra við siglingar. Þessar reglur eru nú að ýmsu leyti úreltar, bæði vegna þess að hestaflafjöldi véla í skipum hefur mjög aukizt frá því núgildandi lög voru sett, og að skipa með gufuvélar gætir sífellt minna. Að öðru leyti eru reglur þessar flóknar og ósanngjarnar í sumum tilvikum. Nefndin hefur því við samningu frumvarpsins reynt að byggja upp reglur, sem eru skipulegri og meira við hæfi nútímans. Auk þess hefur nefndin vitanlega þurft að grundvallar réttindareglur frumvarpsins á hinni nýju skipan vélstjóramenntunarinnar, sem felst í frumvarpinu um vélstjóranám. Í starfi sínu hefur nefndin kynnt sér gildandi reglur um atvinnuréttindi vélstjóra hjá Dönum og Norðmönnum, og haft nokkra hliðsjón af þeim.

Nefndin hefur valið þann kost að semja frumvarp til sérstakra laga um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum, og talið það eiga betur við heldur en að endurbæta þau ákvæði gildandi laga frá 1946 um atvinnu við siglingar, sem fjalla um réttindi vélstjóra og semja frumvarp til laga um breytingar á þeim. Með því að hafa þennan hátt á, álitur nefndin að hægara sé um vik að endurskoða ákvæðin um réttindi skipstjórnarmanna, sem í framtíðinni ættu þá heima í sérstökum lögum.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins um vélstjóranám, sem nefndin hefur samið, skal námið skiptast í fjögur stig. Vélstjóranám 1. stigs svarar til minna námskeiðs Fiskifélags Íslands, vélstjóranám 2. stigs svarar til meira námskeiðs Fiskifélags Íslands, vélstjóranám 3. stigs svarar að nokkru til vélskólanáms án rafmagnsdeildar, en vélstjóranám 4. stigs ásamt sveinsprófi í vélvirkjun svarar til þriggja vetra náms í vélskólanum að undangengnu iðnnámi í járnsmíði. Fjórða og síðasta stig vélstjóranámsins veitir engin atvinnuréttindi samkvæmt frumvarpi þessu, nema viðkomandi vélstjóri hafi einnig lokið sveinsprófi í vélvirkjun. Eftir frumvarpi þessu verða réttindi þeirra, sem lokið hafa hinu minna námskeiði Fiskifélags Íslands, hin sömu og þeirra, sem lokið hafa vélstjóranámi 1. stigs. Réttindi þeirra, sem lokið hafa hinu meira námskeiði Fiskifélagsins, verða hin sömu og þeirra, er lokið hafa vélstjóranámi 2. stigs, o.s.frv. Um þessi atriði vísast til IV. kafla frumvarpsins til frekari skýringa. Að því leyti sem núgildandi lög veita meiri réttindi, skulu þau haldast óskert.

Reglur frumvarpsins um lágmarksfjölda vélstjóra á skipum eru eigi mikið breyttar frá ákvæðum núgildandi laga, þó er yfirleitt um lækkun að ræða á skipum með undir 4000 hestafla vélar. Talsverðar breytingar eru hins vegar gerðar á ákvæðunum um starfstíma eða siglingatíma, að jafnaði í þá átt að veita réttindi eftir styttri starfstíma en áður, við vélar með lágri hestaflatölu. Því hærra námsstigi, sem vélstjórinn hefur lokið, þeim mun fljótari er hann að vinna sér inn réttindi til yfirvélstjórnar á sömu vélastærð. Lágmarkshestaflatölu við undirvélstjórn til þess að öðlast samsvarandi réttindi og áður, er yfirleitt hækkuð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að vélstjórarstarfið greinist í þrjá flokka, þ. e. yfirvélstjóra, undirvélstjóra og aðstoðarvélstjóra. Aðstoðarvélstjórar skulu einungis vera á þeim skipum, þar sem krafizt er fleiri en fjögurra vélstjóra, þ. e. einn aðstoðarvélstjóri á skipum með fimnum vélstjóra, tveir aðstoðarvélstjórar á skipum

með sex vélstjóra og þrjú aðstoðarvélstjórar á skipum með 7 vélstjóra. Er aðstoðarvélstjórahugtakið þannig þengt frá gildandi lagareglum.

Hér fer á eftir tafla yfir þau hámarksréttindi til yfirvélstjórnar, sem hvert námsstig veitir eftir áskilinn siglingatíma.

	Fiskiskip	Flutningaskip	Farþegaskip
1. stig	500 hö		
2. stig	1000 hö	800 hö	600 hö
			(innanlandssigling)
3. stig	1800 hö	1500 hö	1200 hö
4. stig	ótakmarkað	ótakmarkað	ótakmarkað

Meginreglan er sú, að vélstjóri öðlast ekki meiri rétt til undirvélstjórnar en yfirvélstjórnar. Vélstjóri með 1. stigs nám að baki, getur t. d. ekki orðið undirvélstjóri á fiskiskipi með stærri vél en 500 hestafla. Frá þessari reglu eru þó undantekningar. Vélstjórar með 3. stigs nám geta eftir tiltekinn siglingatíma orðið 3. eða 4. vélstjórar á fiskiskipum og flutningaskipum með ótakmarkaða vélastærð og einnig 3. eða 4. vélstjórar á farþegaskipum með allt að 3000 hestafla vélar. Vélstjórar 2. stigs hafa rétt til að vera aðstoðarvélstjórar á flutninga- og farþegaskipum, en á fiskiskipum eru engir aðstoðarvélstjórar, þar sem fjöldi vélstjóra á fiskiskipum fer aldrei fram úr fjórum, eftir reglum frumvarpsins.

Um atvinnuréttindi á varðskipum og björgunarskipum gilda sömu reglur og um farþegaskip.

Frumvarpið eykur réttindi minna-námskeiðs manna úr 400 hestöflum í 500 hestöfl á fiskiskipum, en meira-námskeiðs manna úr 900 hestöflum í 1000 hestöfl á fiskiskipum og úr 600 hestöflum (400 hestöfl frá 1958) í 800 hestöfl á flutningaskipum. Réttindi vélavarda eru aukin úr 15 hestöflum í 50 hestöfl.

Áður en nefndin gekk endanlega frá frumvarpinu, var það sent eftirtöldum aðilum til umsagnar: Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi isl. útvegsmanna, Fiskifélagi Íslands, Skipaskoðunarstjóra, Vélstjórafélagi Íslands, Mótörvélstjórafélagi Íslands, Lögskráningarfulltrúanum í Reykjavík, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Frá ýmsum þessara aðila komu fram athugasemdir og ábendingar, sem nefndin tók nokkurt tillit til við endanlega gerð frumvarpsins. Nokkrar kröfur um breytingar komu þó fram, sem nefndin taldi sér ekki fært að taka undir.

Til frekari glöggvunar á frumvarpinu skal vísað til eftirfarandi skýringa við einstakar greinar þess.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Eftir gildandi lögum er vélstjórafrá fjöldinn á fiskiskipum sem hér segir: Að 100 hestöflum einn vélstjóri, frá 100—900 hestöfl tveir vélstjórar, þó með þeirri undantekningu, að á fiskiskipum með undir 400 hestafla vél, sem ætlað er að koma daglega að landi með afla sinn, er ekki skylt að hafa nema einn vélstjóra, ef skipstjórinn hefur vélgæzluréttindaskirteini. Frá 900—1300 hestöfl þrjú vélstjórar, og frá 1300—2600 hestöfl fjórir vélstjórar. Þessar hestaflatölur eru úreltar og of lágar, enda oft vikið frá þeim í framkvæmd. Greinin felur því í sér allverulega hækkun á þessum tölum miðað við óbreyttan vélstjórafrá fjölda. Annars er rétt að taka fram, að samanburður á reglum frumvarpsins og gildandi lögum er stundum torveldur, því frumvarpið grundvallast á skýrri aðgreiningu milli fiskiskipa, flutningaskipa og farþegaskipa, en löggin frá 1946 grundvallast á aðgreiningu milli mótorskipa og gufuskipa með ýmsum frávikum. Ekkert skip í fiskiskipaflotanum mun nú hafa yfir 2300 hestafla vél.

Við 2. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 30. gr. laga nr. 66 frá 1946. Réttindi vélavardar eru aukin úr 15 hestöflum í 50 hestöfl. Krafízt var vottorðs frá manni, sem atvinnu-málaráðuneytið tók gildan, en í greininni er krafízt vottorðs frá tveimur vélstjórum. Þar eð vélar undir 50 hestöflum eru að jafnaði í bátum undir 12 smálestum, sem eigi eru lögskráningarskyldir, er ekki gerð krafa um að vottorðið sé sýnt lögskráningarstjóra. Verður útgerðarmaður báts undir 12 smálestum að stærð að bera ábyrgð á því að vottorðið sé fyrir hendi.

Við 3. gr.

Greinin þarfnast eigi skýringa að öðru leyti en því, að leggja má saman starfstíma manns sem vélstjóra á fiskiskipi með 150—250 hestafla vél og sem undirvélstjóra á fiskiskipi með 251—500 hestafla vél. Verði starfstíminn samanlagður 12 mánuðir eða meira, hlýtur vélstjórinn rétt til yfirvélstjórnar á fiskiskipi með 251—500 hestafla vél. Á sama hátt ber að túlka hliðstæð ákvæði í öðrum greinum frumvarpsins.

Við 4. gr.

Þar sem í 2. og 3. mgr. er rætt um „undirvélstjóra á skipi“, getur auðvitað verið um önnur skip en fiskiskip að ræða. Á það má benda, að sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs, fær réttindi til undirvélstjórnar á flutningaskipi að 800 hestöflum og farþegaskipi að 600 hestöflum, sbr. 9. gr. og 13. gr.

Við 5. gr.

Vakin skal athygli á niðurlagsákvæði 4 mgr. Þar er vélstjóranum veittur réttur til undirvélstjórarstarfa sem 3. eða 4. vélstjóri á fiskiskipi með yfir 1800 hestafla vél, þótt hann geti ekki orðið yfirvélstjóri eða 2. vélstjóri á fiskiskipi af þessari vélarstærð, nema afla sér meiri menntunar og ljúka 4. námsstigi ásamt sveinsprófi í vélvirkjun.

Við 6. gr.

Greinin þarfnast eigi skýringa að öðru leyti en því, að undirstrika það, að út á vélstjóranám 4. stigs hljóta menn eigi aukin atvinnuréttindi, nema hafa jafnframt lokið sveinsprófi í vélvirkjun, sbr. og 11. gr. og 15. gr.

Við 7. gr.

Efni þessarar greinar er hliðstætt ákvæðum b.- og c.-liðar 48. gr. laganna frá 1946 með áorðnum breytingum 1958. Tveir fyrstu málsliðir 1. mgr., svara alveg til áðurgreinds b.-liðar, nema að hestaflatalan er aukin úr 15—100 hestöflum í 100—250 hestöfl. Síðasti málsliður 1. mgr. um siglingu milli landa, er nýmæli.

Síðari málsgreinin svarar hins vegar til áðurgreinds c.-liðar. Hestaflatalan er þó aukin úr 100—400 hestöflum í 251—500 hestöfl, og vélstjóraréttindi varamanns eru ekki bundin við skipstjóran einan, heldur getur stýrimaður eða einhver hásetanna þar einnig komið til greina.

Við 8. gr.

Reglur gildandi laga um vélstjóraafjölda á flutningaskipum eru á þessa leið: Frá 400—600 hestöfl tveir vélstjórar, frá 600—1300 hestöfl þrjú vélstjórar, frá 1300—2600 hestöfl fjórir vélstjórar, og á flutningaskipum yfir 2600 hestöfl sex vélstjórar. Með þessari grein er hestaflafjöldinn aukinn nokkuð, miðað við sama vélstjóraafjölda og áður og tala vélstjóranna hvergi látin hækka um tvo frá næsta hestaflabili á undan.

Við 9. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs, öðlast m. a. rétt til að vera aðstoðarvélstjóri á flutningaskipi, svo og aðstoðarvélstjóri á farþegaskipi, sbr. 13. gr. Það leiðir af sjálfu sér, að þeir, sem lokið hafa vélstjóranámi 3. stigs og 4. stigs, hljóta

einnig aðstoðarvélstjóraréttindi, þar eð enginn getur tekið þessi námsstig nema hafa áður lokið vélstjóranámi 2. stigs. Að gildandi lögum þurfa aðstoðarvélstjórar að hafa lokið vélskólanámi, en með því eru gerðar óþarflega strangar kröfur. Samkvæmt grein þessari, svo og 13. gr., nægir vélstjóranám 2. stigs.

Við 10. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 3. stigs, má gegna undirvélstjórastarfi á flutningaskipi með allt að 1500 hestafla vél og undirvélstjórastarfi á fiskiskipi með allt að 1800 hestafla vél, sbr. 5. gr. Að loknum tilskildum starfstíma fær hann svo yfirvélstjóraréttindi að 1500 hestöflum á flutningaskipi og að 1800 hestöflum á fiskiskipi. Næsta þrep fyrir neðan er 800 hestöfl á flutningaskipi og 1000 hestöfl á fiskiskipi. Í 3. mgr. er það aðalreglan, að eftir 8 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með 801—1800 hestafla vél, öðlast vélstjórin yfirvélstjóraréttindi á flutningaskipi með 801—1500 hestafla vél. Vinni hann sér þessi réttindi inn á skipi með 1501—1800 hestafla vél, hlýtur það að vera fiskiskip. En þar sem hann getur einnig náð réttindum við undirvélstjórn á skipi með 801—1000 hestafla vél, verður líka að veita honum réttinn til yfirvélstjórnar á flutningaskipi út á starfstíma sem yfirvélstjóri á fiskiskipi með 801—1000 hestafla vél. Hins vegar er óþarft að nefna hér starfstíma við yfirvélstjórn á fiskiskipi með stærri vél en 1000 hestafla, því þegar vélstjórin öðlast þau réttindi eftir 18 mánaða starf, sbr. 4. mgr. 5. gr., fullnægir hann um leið skilyrðum til yfirvélstjórnar á flutningaskipi með 801—1500 hestafla vél.

Þess ber að gæta, að vélstjóri með 3. stigs nám, er byrjar starf sem undirvélstjóri á flutningaskipi með 900 hestafla vél, fær eftir 18 mánaða starfstíma rétt til yfirvélstjórnar á flutningaskipi með 801—1500 hestafla vél. Hins vegar veitir þetta starf honum ekki réttindi til yfirvélstjórnar á fiskiskipi með 1001—1800 hestafla vél, þótt þarna sé um nokkuð hliðstæð réttindi að ræða. Til þess þarf hann að vera undirvélstjóri á skipi með yfir 1000 hestafla vél, sbr. 4. mgr. 5. gr. Það er meginregla í frumvarpinu, að til þess að öðlast réttindi til yfirvélstjórnar á einhverju tilteknu hestaflabili, þarf vélstjórin áður að hafa gegnt undirvélstjórastarfi á hinu sama hestaflabili, a. m. k. má hann ekki fara niður fyrir það, en í sumum tilfellum getur hann farið upp fyrir það af því að hann öðlast hærri undirvélstjóraréttindi í upphafi á fiskiskip heldur en flutningaskip og hærri undirvélstjóraréttindi á flutningaskip heldur en farþegaskip.

Samsvarandi skýringar eiga við um nokkrar greinar frumvarpsins í þessum kafla og hinum næsta, en verða eigi endurteknar þar.

Við 11. gr.

Þrjár fyrstu málsgreinarnar þarfnast eigi sérstakra skýringa. Varðandi síðustu málsgreinina skal það áréttað, að heimilt er að leggja saman starfstímann við undirvélstjórn á skipi og yfirvélstjórn á fiskiskipi. Skilyrðum málsgreinarinnar væri fullnægt, ef maður væri t. d. sex mánuði yfirvélstjóri á fiskiskipi með 1600 hestafla vél og 18 mánuði 3. og 4. vélstjóri á skipi með stærri vél en 1500 hestafla.

Við 12. gr.

Eftir gildandi lögum er vélstjórafjöldinn á farþegaskipum sem hér segir: Frá 400—600 hestöfl tveir vélstjórar, frá 600—1300 hestöfl fjórir vélstjórar, frá 1300—2600 hestöfl fimm vélstjórar, yfir 2600 hestöfl sjö vélstjórar. Með þessari grein er því hestaflafjöldinn aukinn miðað við sama vélstjórafjölda og áður eða með öðrum orðum vélstjórunum í ýmsum tilfellum fækkað miðað við óbreyttan hestaflafjölda. Breytingarnar, sem felast í þessari grein, stefna í sömu átt og breytingarnar eftir 1. gr. og 8. gr.

Við 13. gr.

Svo sem grein þessi og þrjár hinar næstu bera með sér, eru gerðar meiri kröfur um menntun og siglingatíma til vélstjóra á farþegaskipum heldur en vélstjóra á fiskiskipum og flutningaskipum. Samkvæmt 2. mgr. öðlast vélstjóri með 2. stigs nám aðeins rétt til yfirvélstjórnar á farþegaskipi í innanlandssiglingum með allt að 600 hestafla vél. Kæmi það fyrir, að farþegaskip með þessa vélarstærð færi í utanlandssiglingar, þyrfti vélstjóra 3. stigs sem yfirvélstjóra.

Við 14. gr.

Reglurnar um siglingatíma og hestaflafjölda samkvæmt þessari grein geta virzt nokkuð flóknar, en ættu að skýrast nægjanlega þegar þær eru bornar saman við ákvæði 5. gr. og 10. gr. Í niðurlagsákvæði 3. mgr. felst það, að sá, sem gegnir stöðu 2. vélstjóra á farþegaskipi með yfir 1200 hestafla vél, verður ávallt að hafa lokið 4. stigs vélstjóranámi, sbr. og niðurlag 3. mgr. 15. gr.

Við 15. gr.

Greinin skýrist með samanburði við 6. gr. og 11. gr.

Við 16. gr.

Í þessari grein felst aukningin á atvinnuréttindum þeirra, sem lokið hafa prófi frá hinu minna eða hinu meira mótornámskeiði Fiskifélagsins, sem nánar er greint frá í hinni almennu greinargerð með frumvarpinu. Í þeim tilfellum þar sem gildandi lög veita meiri réttindi en frumvarpið, skulu þau réttindi haldast. Þetta á líka við þau umframréttindi, sem vélstjóri hefur átt kost á en ekki aflað sér, vegna þess að hann vantar upp á siglingatímamann.

Við 17. gr.

Ákvæði greinar þessarar er nýmæli. Í reynd hafa fjölmargar undanþágur verið veittar um margra ára skeið án þess fullnægjandi lagaheimild væri fyrir hendi. Reglur greinarinnar eru samhljóða þeim reglum, sem ráðuneytið hefur beitt í framkvæmd.

Við 18. gr.

Greinin er nýmæli. Skynsamlegt var talið að setja þessa heimild inn í lagafrumvarpið, þar eð líklegt má telja að á næstu árum kunni vélar með sjálfvirkum stjórnbúnaði að verða teknar í notkun á islenzkum skipum, en við slíkar vélar þarf ekki á að halda stjórn og umsjón jafn margra vélstjóra og við þær vélar, sem nú tíðkast.

Við 19. gr.

Hér er um að ræða svipað ákvæði og í 50. gr. laga nr. 66 frá 1946 að því er 1. mgr. varðar. Til þess að koma góðri skipan á þessi mál, er nauðsynlegt að innkalla eldri skírteini og gefa út ný í staðinn í samræmi við þær nýju reglur um atvinnuréttindi, sem frumvarpið setur.

Við 20. gr.

Greinin þarfnast eigi skýringa.

Við 21. gr.

Greinin er í samræmi við ákvæði gildandi laga. Talið er nauðsynlegt að gera jafn miklar kröfur til vélstjóra á varðskipum og björgunarskipum eins og til vélstjóra á farþegaskipum um menntun og starfsreynslu. Sama gildir um vélstjórafjöldann.

Við 22. gr.

Í frumvarpinu eru eigi eins og í gildandi lögum sérreglur um atvinnuréttindi vélstjóra á gufuskipum, enda engin þörf á því þar sem gufuskip eru að hverfa úr

sögunni. Greinin á að tryggja það, að vélstjóri, sem eingöngu hefur öðlazzt starfsreynslu á gufuvél, hljóti ekki að svo komnu yfirvélstjóraréttindi á mótorskipi og gagnkvæmt. Með „stórum eimkatli“ er átt við katla, er knýja aflvélar skipsins, svo og katla í oliuskipum, er hita upp farminn.

Við 23. gr.

Álitið er, að aðstoðarvélstjórastarfið veiti eigi jafn góða starfsreynslu og undirvélstjórastarf. Eru því þrjú mánuðir við hið fyrrgreinda starf látnir jafngilda tveimur mánuðum við hið síðarnefnda.

Við 24. gr.

Reglur þær, er gilt hafa um hestaflautreikning, er að finna í i.-lið 2. gr. laga nr. 66 frá 1946, sbr. auglýsingu nr. 115, 21. júní 1945. Til að taka af allan vafa er tekið fram í greininni, að miða skuli við sameiginlegan hestaflafjölda þeirra véla, sem knýja skipið áfram.

Við 25. gr.

Ákvæði þessarar greinar er óbreytt frá gildandi lögum, sbr. b.-lið 3. gr. laga nr. 66 frá 1946.

Við 26. gr.

Greinin þarfnast eigi skýringa.

Við 27. gr.

Greinin er nýmæli. Verði verksmiðjuskip tekin í notkun hér, skapast væntanlega nauðsyn á fleiri vélstjórum um borð en gert er ráð fyrir í I.—III. kafla frumvarpsins.

Við 28. gr.

Kemur í stað 49. gr. laga nr. 66 frá 1946.

Við 29. gr.

Greinin þarfnast eigi skýringa.

Við 30. gr.

Greinin þarfnast eigi skýringa.